



Borgarholtsskóli

ÁÆTLUN UM SJÁLFSMAT
2021-2024



Borgarholtsskóli

Áætlun um sjálfsmat 2021-2024

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er skv. 40. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla að:

- I. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda.
- II. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- III. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- IV. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Sérstaklega er fjallað um innra mat í 41. gr. sömu laga en þar er tekið fram að framhaldsskólum beri að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis skal framhaldsskóli birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá einnig nánari útfærslu í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010.

Tilgangurinn með innra mati er að auka gæði starfsemi Borgarholtsskóla í heild sinni og stuðla að stöðugum umbótum. Þeir þættir sem matið tekur meðal annars til er mat á kennslu, mat á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorf þeirra til aðstöðu og starfsumhverfis.

Stefnt er að því að hafa mat innan skólans fjölbreytt og því ávallt í endurskoðun hvað megi gera betur og hvernig hægt sé að stuðla að upplýsingaöflun, þó eru fastar aðferðir við sjálfsmat skólans og gagnaöflun eftirfarandi.

- Áfangakannanir
- Viðhorfskannanir nemenda og starfsfólks
- Stofnun ársins
- Starfsþróunarsamtöl

Aðferðir við sjálfsmat	Haustönn	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn	Vorönn
	2021	2022	2022	2023	2023	2024
Áfangakannanir	X	X	X	X	X	X
Viðhorfskannanir nemenda	X		X		X	
Viðhorfskönnun starfsfólks		X		X		X
Stofnun ársins	X		X		X	
Starfsþróunarsamtöl	X	X	X	X	X	X
Endurskoðun áætlunar	X		X		X	